



Ferðatrygging Íslandsbanka

Skilmáli nr. GT01

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

Um trygginguna gildir:

- Skilmáli þessi nr. GT01
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði skilmála þessa ganga framur frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Trygging þessi er **ferðatrygging** fyrir korthafa kreditkorts frá Íslandsbanka.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið.

Efnisyfirlit

- I. Ferðatrygging
- II. Bílaleigutrygging
- III. Almenn ákvæði

I. Ferðatrygging

1. Hver er tryggður?

- 1.1 Korthafi er tryggður.
- 1.2 Tryggingin nær einnig til maka tryggðs, sambýlismaka og barna á framfæri þeirra til loka 22 ára aldurs.
- 1.3 Í Platinum, Platinum Icelandair, Premium Icelandair og Business Icelandair kortum nær tryggingin einnig til barna eldri en 23 ára, tengdabarna og barnabarna í samfylgd korthafa.
- 1.4 Í viðskiptakortum, sbr. töflu 2 í 4. gr., nær tryggingin einnig til eins eða tveggja viðskiptavina eða samstarfsmanna í samfylgd tryggða í viðskiptaferðum. Skilyrt er að samstarfsmenn eða viðskiptavinir séu í sömu ferðabókun og tryggði.

2. Hvenær gildir tryggingin?

- 2.1 Tryggingin gildir að hámarki í þann dagafjölda sem tilgreindur er í töflum 1 og 2 í 4. gr. Um er að ræða samfellda ferðadaga á ferðalögum frá heimili tryggðs.
- 2.2 Tryggingin tekur til tjónsatburðar sem verður á tryggingartímabilinu.
- 2.3 Komi afleiðingar atviks sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á tryggingartímabilinu ekki í ljós fyrr en tryggingin er fallin úr gildi greiðir VÍS samt sem áður bætur.
- 2.4 Korthafi nýtur trygginga samkvæmt skilmálum þessum á meðan kort hans er í gildi og samningur er um tryggingar á milli VÍS og Íslandsbanka. Þó gildir ferðatrygging samkvæmt korti, sem korthafi hefur í gildi á greiðsludegi ferðar ef ferð er farin innan 6 mánaða frá greiðslu ferðar þrátt fyrir að korthafi segi upp kortinu innan þess tíma. Sömu tímamörk gilda þegar korthafi tekur upp nýtt kort sem hefur ekki eins víðtækar tryggingar og fyrra kort.
- 2.5 Tryggingin bætir ekki tjón vegna atviks sem varð áður en tryggingartímabilið hófst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á tryggingartímabilinu.

3. Hvar gildir tryggingin?

- 3.1 Tryggingin gildir hvar sem er í heiminum á ferðalagi frá dvalarlandi.
- 3.2 Þrátt fyrir grein 3.1 gildir tryggingin á ferðalagi á Íslandi ef a.m.k. helmingur ferðakostnaðar hefur verið greiddur með greiðslukorti Íslandsbanka eða gistirými bókað fyrirfram og kortanúmer gefið upp til greiðslu. Skilyrði þessi skulu í öllum tilfellum vera uppfyllt fyrir brottför frá heimili tryggðs.
- 3.3 Tryggður sem fer til náms er einungis tryggður á útleið og heimleið.
- 3.4 Tryggður sem fer til tímabundinna starfa til annarra landa er tryggður skv. gr. 3.1 ef það er tilgreint í töflu í 4. gr.



- 3.5 Tryggður sem býr utan Íslands er tryggður skv. gr. 3.1 þegar hann ferðast til annarra landa en dvalarlandsins en ekki á ferðalögum innan dvalarlandsins.
- 3.6 Á ferðalögum á Íslandi eru slysatjón sem bótaskyld eru úr lögboðnum ökutækja-tryggingum undanskilin.¹
- 3.7 Tryggingin gildir ekki á ferðalögum á landi eða legi utan alfaraleiða.

4. Bótapættir korta, tryggingarfjárhæðir og eigin áhættur

- 4.1 Ferðatryggingar korta eru misviðtækar eftir kortategund. Bótapættir, hámarkslengd ferðar, tryggingarfjárhæðir og eigin áhætta koma fram í eftirfarandi töflum:

Með því að **finna þitt kreditkort** í töflu 1 eða 2 getur þú séð hvaða bóталиðir eru innifaldir, hámarksbætur, biðtíma o.fl. Ef ekkert er tilgreint í viðkomandi reit er bóталиður ekki innifalinn í þínu korti.

Tafla 1: Einstaklingskort					
Kortategund/heiti korts:	Almennt	Gullkort Gull Ícelandair	Platinum	Platinum Ícelandair	Premium Ícelandair
Gildir á ferðalögum í allt að:	60 daga	60 daga	90 daga	90 daga	90 daga
Tímabundin störf erlendis	-	-	Innifalið	Innifalið	Innifalið
Bótapættir	Hámarksbætur ISK				
Forföll í ferð (pr. tryggðan)	300.000*	400.000*	700.000*	700.000**	750.000**
Dánarbætur v/slyss	4.500.000	9.000.000	12.000.000	12.000.000	14.000.000
Miskabætur v/slyss	4.500.000	9.000.000	12.000.000	12.000.000	14.000.000
Sjúkrakostnaður (pr. tryggðan)	8.000.000*	16.000.000*	16.000.000*	16.000.000**	20.000.000**
Ferðakostnaður annarra aðila	80.000	160.000	240.000	240.000	300.000
Endurgreiðsla ferðar	360.000	360.000	440.000	440.000	750.000
Ferðarof	120.000	120.000	240.000	240.000	300.000
Sjúkrahúsdagpeningar (pr. dag/hámark)	-	-	4.800/144.000	4.800/144.000	4.800/144.000
Farangur (pr. hlut/hámark)	160.000/160.000*	200.000/200.000*	200.000/400.000*	200.000/400.000**	200.000/1.000.000**
Innkaup (pr. hlut/hámark)	160.000/160.000*	200.000/200.000*	200.000/400.000*	200.000/400.000**	200.000/750.000**
Innkaupakaskó	-	-	-	400.000**	600.000**
Töf á farangri (pr. klst./hámark)***	1.200/12.000	2.400/24.000	8.000/40.000	8.000/80.000	8.000/80.000
Biðtími í töf á farangri	8 tímar	8 tímar	8 tímar	8 tímar	6 tímar
Ferðatöf (pr. klst./hámark)	-	-	2.000/24.000	2.000/32.000	2.000/40.000
Biðtími í ferðatöf	-	-	12 tímar	12 tímar	8 tímar
Tafir á leið að flugvelli	-	-	-	120.000**	120.000**
Tafir vegna yfirbókunar (pr. klst./hámark)	-	-	-	2.000/40.000	2.000/40.000
Mannrán (pr. dag/hámark)	-	-	24.000/720.000	24.000/720.000	24.000/720.000
Ábyrgðartrygging	40.000.000*	40.000.000*	40.000.000*	40.000.000**	40.000.000**
Bílaeigutrygging****					
Kaskótrygging	-	-	USD 50.000*	USD 50.000*	USD 50.000*
Viðbótarábyrgðartrygging	-	-	USD 1.000.000	USD 1.000.000	USD 1.000.000

*Eigin áhætta kr. 25.000 fyrir hvern tryggðan.

**Eigin áhætta kr. 15.000 fyrir hvern tryggðan.

***Hámark 3 aðilar sbr. gr. 16.4.

****Bílaeigutrygging gildir að hámarki í 31 dag, sbr. 26. gr. skilmáls. Fjallað er um bílaeigutryggingu í II. kafla skilmáls.

¹ Sbr. lög um ökutækjatrýggingar nr. 30/2019.



Tafla 2: Viðskiptakort				
Kortategund/heiti korts:	Gull	Innkaupakort ríkisins	Platinum	Business Icelandair
Gildir á ferðalögum í allt að:	60 daga	60 daga	90 daga	90 daga
Tímabundin störf erlendis	Innifalið	Innifalið	Innifalið	Innifalið
Bótáætting	Hámarksbætur ISK			
Forföll í ferð (pr. tryggðan)	700.000*	700.000*	700.000*	750.000**
Dánarbætur v/slyss	9.000.000	9.000.000	12.000.000	14.000.000
Miskabætur v/slyss	9.000.000	9.000.000	12.000.000	14.000.000
Sjúkrakostnaður (pr. tryggðan)	16.000.000*	16.000.000*	16.000.000*	20.000.000**
Ferðakostnaður annarra aðila	160.000	160.000	240.000	300.000
Endurgreiðsla ferðar	360.000	360.000	440.000	750.000
Ferðarof	120.000	120.000	240.000	300.000
Sjúkrahúsdagpeningar (pr. dag/hámark)	4.000/120.000	4.000/120.000	4.800/144.000	4.800/144.000
Farangur (pr. hlut/hámark)	200.000/200.000*	200.000/200.000*	200.000/400.000*	200.000/1.000.000**
Innkaup (pr. hlut/hámark)	200.000/200.000*	200.000/200.000*	200.000/400.000*	200.000/750.000**
Innkaupakaskó	-	-	-	600.000**
Töf á farangri (pr. klst./hámark)***	4.000/40.000	5.000/25.000	8.000/40.000	8.000/80.000
Biðtími í töf á farangri	8 tímar	8 tímar	8 tímar	6 tímar
Ferðatöf (pr. klst./hámark)	2.000/24.000	2.000/18.000	2.000/24.000	2.000/40.000
Biðtími í ferðatöf	12 tímar	12 tímar	12 tímar	8 tímar
Tafir á leið að flugvelli	-	-	-	120.000**
Tafir vegna yfirbókunar (pr. klst./hámark)	-	-	-	2.000/40.000
Mannrán (pr. dag/hámark)	8.000/240.000	24.000/240.000	24.000/720.000	24.000/720.000
Ábyrgðartrygging	40.000.000*	40.000.000*	40.000.000*	40.000.000**
Bílaleigutrygging****				
Kaskótrygging	-	-	USD 50.000*	USD 50.000*
Viðbótarábyrgðartrygging	-	-	USD 1.000.000	USD 1.000.000

*Eigin áhætta kr. 25.000 fyrir hvern tryggðan.

**Eigin áhætta kr. 15.000 fyrir hvern tryggðan.

***Hámark 3 aðilar sbr. gr. 16.4.

****Bílaleigutrygging gildir að hámarki í 31 dag, sbr. 26. gr. skilmálans. Fjallað er um bílaleigutryggingu í II. kafla skilmálans.

- 4.2 Dánarbætur vegna einstaklings sem er innan 18 ára aldurs þegar hann slasast takmarkast við 15% af dánarbótum samkvæmt grein 4.1.
- 4.3 Hámarksupphæð bóta fyrir eitt slys eða fleiri sem tryggður verður fyrir í einni og sömu ferð er aldrei hærri en hámarksbætur samkvæmt grein 4.1.
- 4.4 Sé tryggður 60 ára eða eldri verða tryggingarfjárhæðir eftirtaldir hundradshlutar af hámarksbótum dánarbóta og miskabóta samkvæmt grein 4.1:

Aldur	Hlutfall	Aldur	Hlutfall
60-61 árs	90%	68-69 ára	50%
62-63 ára	80%	70-71 árs	40%
64-65 ára	70%	72-73 ára	30%
66-67 ára	60%	74 ára og eldri	20%

- 4.5 Hámarksbætur á hverju almanaksári fyrir sig, í farangri og innkaupum, fyrir börn til loka 18 ára aldurs eru 50% af hámarksbótum samkvæmt grein 4.1.
- 4.6 Hámarksbætur í farangri og innkaupum vegna úra og skartgripa geta aldrei orðið hærri en 50% af hámarksbótum samkvæmt grein 4.1.



- 4.7 Ef í einum og sama tjónsatburði verður slys á mörgum einstaklingum sem tryggðir eru með ferðatryggingu Íslandsbanka, takmarkast heildarbætur VÍS við 10 milljónir USD eða samsvarandi fjárhæð í íslenskum krónum. Komi til skerðingar bóta vegna þessa ákvæðis, verður hún hlutfallsleg miðuð við bótafjárhæðir sem sérhver tjónþoli hefði ella átt rétt til.

5. Forföll í ferð

- 5.1 Tryggingin bætir ferðakostnað sem greiddur er fyrirfram eða samið er um fyrirframgreiðslu á og ekki fæst endurgreiddur, ef tryggður kemst ekki í ferð af einni af eftirtöldum ástæðum:

- Tryggður andast, hlýtur alvarleg líkamsmeiðsl, veikist alvarlega, fæðir barn eða lendir í sóttkví enda liggja fyrir vottorð starfandi lækni.
- Náinn ættingi eða náinn samstarfsmaður andast, hlýtur alvarleg líkamsmeiðsl, eða veikist alvarlega, enda liggja fyrir vottorð starfandi lækni.
- Vitnaskylda fyrir dómi, forföll vegna starfa sem tryggður getur ekki vikið sér undan að vinna skv. lagafyrirmælum eða ef komið er í veg fyrir ferð vegna opinberra hafta sem leiða af farsótt.
- Verulegt eignatjón á heimili tryggðs eða í einkafyrirtæki hans, sem gerir nærveru hans nauðsynlega.
- Röskun sem leiðir til a.m.k. 12 klst. tafar á brottför almenningsfarartækis hins tryggða á útleið skv. ferðaáætlun.
- Rán flutningsfars.
- Ófyrirséð tilfærsla á starfsvettvangi.

- 5.2 Greiði tryggði sérstakt forfallagjald hjá ferðasala, eða ef það er innheimt af honum við kaup ferðar, gildir forfallatrygging viðkomandi ferðasala í stað þessarar.

- 5.3 Eigin áhætta, sbr. gr. 4.1, miðast við hvern tryggðan. Þó greiða börn yngri en 18 ára ekki eigin áhættu ef þau ferðast með fullorðnum sem einnig falla undir þessa tryggingu.

- 5.4 Framvísa ber læknisvottorði á þar til gerðu eyðublaði VÍS.

- 5.5 Bætur skv. þessari grein eru greiddar vegna forfalla sem verða fram að brottför frá heimili tryggðs.

- 5.6 Tryggingin bætir ekki:

- Kröfur vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma, sem hinn tryggði hefur notið læknishjálpar eða meðferðar við, á síðustu sex mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Með meðferð er meðal annars átt við hvers konar meðhöndlun sem ætlað er að bæta eða viðhalda líkamlegu eða andlegu heilsufari, svo sem læknskómur, lyfjanotkun, endurhæfingu, ráðgjöf, viðtöl, sérfæði og óhefðbundna lækningameðferð. Jafnframt eru undanþegin tjón sem stafa af því að tryggður gengst undir meðferð sem hann var á biðlista vegna þegar staðfestingargjald var greitt.
- Kröfur vegna hvers kyns kvilla í tengslum við meðgöngu sem koma upp á níunda mánuði meðgöngutíma eða við fæðingu á níunda mánuði meðgöngu sem leiða til forfalla.
- Tjón sem stafa beint eða óbeint af:
 - Ákvörðunum stjórnvalda (nema þeim er varða skyldusóttkví).
 - Yfirsjónum eða vanrækslu aðila er annast flutning eða gistingu eða yfirsjón umboðsmanns sem annaðist fyrirkomulag ferðarinnar.
 - Tregðu tryggðs til að ferðast eða af bágum fjárhag hans.
 - Útgjöldum sem ferðaskrifstofu, gistihúsi eða flugfélagi ber að greiða.
 - Breytingu á fyrirhuguðum sumarleyfistíma.
 - Aukagjöldum sem ferðaskrifstofa leggur á og hækka grundvöll verðskrár.
- Tjón sem stafa af því að vanrækt er að tilkynna ferðaskrifstofu eða þeim aðila sem útvegar flutningsfar eða gistingu að nauðsynlegt hafi reynst að fella ferð niður.
- Tjón sem hlýst af því að tryggður hefur ekki skráð sig til brottfarar samkvæmt ferðaáætlun og breyting á áætlunartíma hefur ekki verið staðfest af flugfélagi eða ferðaskrifstofu.
- Tjón sem stafa af því að flugvél eða skip er tekið úr þjónustu til bráðabirgða eða á annan hátt samkvæmt tillögu opinbers aðila.
- Tjón sem stafa af verkfallsaðgerðum sem vitað var, þegar staðfestingargjald var greitt, að hefjast myndu fyrir brottför.
- Tjón sem stafa af fjárhagserfiðleikum eða gjaldþroti ferðaskrifstofa og annarra slíkra aðila sem annast farþegaflutninga.

6. Slys á ferðalagi

- 6.1 VÍS greiðir bætur vegna slyss sem tryggður verður fyrir á ferðalagi á tryggingartímabilinu ef það leiðir til andláts eða varanlegs miska innan 24 mánaða frá slysdegi.

- 6.2 Dánarbætur, greiðast til þess sem rétt á til bótanna skv. 2. og 3. mgr. 100. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Forföll í ferð eiga við þegar einhver þeirra sem tryggður er kemst ekki í ferð vegna tiltekinna ástæðna sem þú getur kynnt þér nánar hér.

Bætur vegna **slysa á ferðalagi** eru eingöngu greiddar ef um er að ræða andlát eða varanlegan miska.



- 6.3 Við andlát tryggðs, sem leiðir til bótakröfu á hendur VÍS, áskilur VÍS sér rétt til að láta fara fram krufningu á eigin kostnað.
- 6.4 Tryggingin bætir varanlegan miska eftir miskastigi frá 16% til 100% samkvæmt eftirfarandi töflu:

Algjör, varanlegur missir sjónar, á öðru auga eða báðum.	100%	Algjör, ólæknandi vitskerðing.	100%
Missir handar við úlnlið eða ofar.	100%	Algjör, ólæknandi lömun.	100%
Algjör, varanleg lömun annarrar eða beggja handa.	100%	Algjört, ólæknandi heyrnarleysi.	50%
Missir fótár við ökkla eða ofar.	100%	Algjört, ólæknandi heyrnarleysi á öðru eyra.	30%
Algjör, varanlega lömun annars eða beggja fóta.	100%	Missir þumalfingurs ríkjandi handar.	20%

- 6.5 Annar varanlegur miski 16% og hærri er einnig bættur en þær bætur fara eftir mati sem gert er með hliðsjón af töflum örorkunefndar um miskastig. Ekki er tekið tillit til starfs eða starfshæfni.
- 6.6 Tryggingin bætir ekki tjón sem beint eða óbeint leiða af:
- Þátttöku í akstursíþróttum eða notkun vélhjóra, hvort sem tryggður er ökumaður eða farþegi. Takmörkunin varðandi vélhjól á þó ekki við ef um er að ræða notkun létts bifhjóls, sem tekið er á leigu í ferðalagi er fellur undir tryggingu þessa.
 - Þátttöku í keppni eða æfingum til undirbúnings fyrir keppni í hvers kyns íþróttum nema um sé að ræða börn yngri en 18 ára.
 - Flugi, öðru en farþegaflugi gegn gjaldi, hjá skráðu flugfélagi með tilskilin leyfi.
 - Sjálfsvígi, meiðslum sem menn valda sjálfum sér, handalögmálum, þátttöku í refsiverðum verknaði, misnotkun lyfja, neyslu fíkniefna, áfengis eða kynsjúkdómum.
 - Hvers konar fjallaklifri, bjargsigi, fallhlífartökki, loftbelgjaflugi, teygjustökki, svifdrekaflugi, svifflugi, kajakferðum, siglingum á bátum sem róðið er niður straumharðar ár og fljót, froskköfun eða öðrum athöfnum neðansjávar eða neðanjarðar, kappreiðum og/eða athöfnum sem eru sambærilegar og eðlisskyldar öllu framan töldu.
 - Tryggingin greiðir ekki bætur vegna tjóns eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

Tilkynna skal **SOS International** svo fljótt sem verða má um alvarleg slys eða veikindi. Neyðarþjónusta SOS International er veitt allan sólarhringinn, allt árið um kring. Sími í Danmörku (45) 3848 8080. Netfang sos@sos.dk Heimasíða www.sos.dk

7. Sjúkrakostnaður á ferðalagi erlendis

- 7.1 Ef tryggður slasast, veikist eða deyr á ferðalagi erlendis bætir tryggingin:
- 7.1.1 Sjúkrakostnað:
 - Vegna lækni- og sérfræðiaðstoðar, sjúkrahúsvistar, hjúkrunar, lyfja og meðferðar samkvæmt læknisvottorði viðkomandi sjúkrastofnunar.
 - Vegna nauðsynlegra aðgerða sem farið er í með samþykki SOS International eða VÍS og ekki er hægt að biða með þar til komið er til dvalarlands.
 - Vegna nauðsynlegrar tannlæknaþjónustu vegna sannanlegs slyss eða til þess að lina þjáningar.
 - 7.1.2 Kostnað vegna sjúkraflutnings í því landi sem slys eða veikindi verða í samráði við SOS International eða VÍS.
 - 7.1.3 Aukinn kostnað vegna nauðsynlegrar aukadvalar og heimferðar í samráði við SOS International eða VÍS.
 - 7.1.4 Kostnað við flutning jarðneskra leifa tryggðs til Íslands eða dvalarlands.
- 7.2 Tryggingin bætir ekki:
- Kostnað sem greiddur er skv. gagnkvæmum samningi um sjúkra-tryggingar.
 - Kostnað við meðferð eða eftirmeðferð á Íslandi eða í dvalarlandi.
 - Kostnað vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma, sem tryggður hefur notið læknishjálpar eða meðferðar við, á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Með meðferð er meðal annars átt við hverskonar meðhöndlun sem ætlað er að bæta eða viðhalda líkamlegu eða andlegu heilsufari, svo sem læknikomur, lyfjanotkun, endurhæfingu,



- ráðgjöf, viðtöl, sérfæði og óhefðbundna lækningameðferð.
- Kostnað vegna hvers kyns kvilla í tengslum við meðgöngu sem koma upp á 9. mánuði meðgöngutíma eða við fæðingu á 9. mánuði meðgöngu.
 - Tjón sem rekja má til þess að tryggður mátti vænta þess að fæða barn áður en heim kæmi eða innan tveggja mánaða frá heimkomudegi.
 - Tjón sem rekja má til þess að tryggður ferðast í trássi við ráðgjöf starfandi lækni, eða í þeim tilgangi að leita lækni meðferðar erlendis.
 - Sjúkrareikninga sem berast eftir að tólf mánuðir eru liðnir frá tjónsatburði.
 - Kostnað vegna tjóns sem beint eða óbeint leiðir af þátttöku í aksturs-íþróttum eða notkun vélhjóla, hvort sem tryggður er ökumaður eða farþegi. Takmörkunin varðandi vélhjól á þó ekki við ef um er að ræða notkun léttis bifhjóls, sem tekið er á leigu í ferðalagi er fellur undir tryggingu þessa.
 - Kostnað vegna slyss sem verður í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers kyns íþróttum nema um sé að ræða börn yngri en 18 ára.
 - Vegna tjóns sem beint eða óbeint leiðir af flugi, öðru en farþegaflugi gegn gjaldi, hjá skráðu flugfélagi með tilskilin leyfi.
 - Vegna tjóns sem beint eða óbeint leiðir af sjálfsvígi, meiðslum sem menn valda sjálfum sér, handalögmaðlum, þátttöku í refsiverðum verknaði, misnotkun lyfja, neyslu fíkniefna, áfengis eða kynsjúkdómum.
 - Vegna tjóns sem beint eða óbeint leiðir af hvers konar fjallaklifri, bjargsigi, fallhlífarstökki, loftbelgjaflugi, teygjustökki, svifdrekaflugi, sviffugi, kajakferðum, siglingum á bátum sem róið er niður straumharðar ár og fljót, froskköfun eða öðrum athöfnum neðansjárvar eða neðanjarðar, kappreiðum og/eða athöfnum sem eru sambærilegar og eðlisskyldar öllu framan töldu.
 - Vegna tjóns eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

8. Ferðakostnaður annarra aðila

- 8.1 VÍS greiðir nauðsynlegan ferða- og dvalarkostnað:
- Ættingja eða vinar tryggðs, sem dvelst hjá eða fylgir tryggðum heim samkvæmt læknisráði og í samráði við SOS International eða VÍS, vegna alvarlegs slyss eða veikinda tryggðs.
 - Náins ættingja eða vinar tryggðs frá Íslandi eða dvalarlandi og heim aftur, í samráði við VÍS, vegna alvarlegs slyss eða veikinda tryggðs.

9. Endurgreiðsla ferðar

- 9.1 VÍS endurgreiðir hlutfallslega af óafturkræfum ferðakostnaði tryggðs, fyrir þann hluta ferðarinnar, sem tryggður getur ekki notað, vegna þess:
- Að hann þarf að rjúfa ferð og fara heim samkvæmt skriflegu læknisráði og með samþykki VÍS og SOS International.
 - Að hann þarf að liggja á sjúkrahúsi vegna þess að hann hefur orðið alvarlega veikur eða orðið fyrir alvarlegu slysi.
- 9.2 VÍS greiðir ekki:
- Bætur ef ferðin varir 5 daga eða skemur.
 - Bætur fyrir aðra en þann sjúka og þá tryggðu sem þurfa nauðsynlega að rjúfa ferð og fylgja honum heim.
 - Kröfur vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma, sem hinn tryggði hefur notið læknishjálpar eða meðferðar við, á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Með meðferð er meðal annars átt við hverskonar meðhöndlun sem ætlað er að bæta eða viðhalda líkamlegu eða andlegu heilsufari, svo sem lækni- og lyfjanotkun, endurhæfing, ráðgjöf, viðtöl, sérfæði og óhefðbundin lækningameðferð.
 - Kröfur vegna hvers kyns kvilla í tengslum við meðgöngu sem koma upp á 9. mánuði meðgöngutíma eða við fæðingu á 9. mánuði meðgöngu.
 - Vegna tjóns sem rekja má til þess að tryggður mátti vænta þess að fæða barn áður en heim kæmi eða innan tveggja mánaða frá heimkomudegi.
 - Vegna tjóns sem rekja má til þess að tryggður ferðast í trássi við ráðgjöf starfandi lækni, eða í þeim tilgangi að leita lækni meðferðar erlendis.

10. Ferðarof

- 10.1 Tryggingin bætir nauðsynleg viðbótarútgjöld vegna heimferðar til Íslands eða dvalarlands, ef tryggður neyðist til að stytta dvöl sína utanlands vegna:
- Andláts, alvarlegs slyss eða skyndilegra alvarlegra veikinda náins ættingja tryggðs, sem búsettur er á Íslandi eða dvalarlandi.

Tilkynna skal **SOS International** svo fljótt sem verða má um alvarleg slys eða veikindi. Neyðarþjónusta SOS International er veitt allan sólarhringinn, allt árið um kring. Sími í Danmörku (45) 3848 8080. Netfang sos@sos.dk Heimasíða www.sos.dk

Endurgreiðsla ferðar getur komið til þegar rof verður á ferð, annað hvort vegna þess að tryggður þarf að fara fyrir heim eða vegna sjúkráhúslægu.

Ferðarof á við þegar tryggður þarf að stytta ferðalag vegna atvika sem eiga sér stað á Íslandi eða dvalarlandi tryggðs.



- b) Verulegs eignatjóns á heimili tryggðs eða í einkafyrirtæki hans, sem gerir nærveru hans nauðsynlega.
- 10.2 Tryggingin bætir ekki:
- a) Ónýttan hluta ferðakostnaðar né nýja utanlandsferð í stað þeirrar sem rofin var.
- b) Kostnað vegna hvers kyns veikinda eða sjúkdóma sem voru til staðar hjá nánum ættingja eða nánum samstarfsmanni þegar staðfestingargjald var greitt.

11. Sjúkrahúsdagpeningar

- 11.1 VÍS greiðir dagpeninga í allt að 30 daga ef tryggður slasast eða veikist á ferðalagi og þarf að liggja á sjúkrahúsi erlendis. Ekki er greitt fyrir fyrstu tvo dagana sem sjúkrahúsvistin varir. Bætur greiðast ekki vegna barna yngri en 16 ára.
- 11.2 VÍS greiðir ekki dagpeninga:

- a) Vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma, sem hinn tryggði hefur notið læknishjálpar eða meðferðar við, á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Með meðferð er meðal annars átt við hverskonar meðhöndlun sem ætlað er að bæta eða viðhalda líkamlegu eða andlegu heilsufari, svo sem læknskómur, lyfjanotkun, endurhæfing, ráðgjöf, viðtöl, sérfaði og óhefðbundin lækningameðferð.
- b) Vegna hvers kyns kvilla í tengslum við meðgöngu sem koma upp á 9. mánuði meðgöngutíma eða við fæðingu á 9. mánuði meðgöngu.
- c) Vegna tjóns sem rekja má til þess að tryggður mátti vænta þess að fæða barn áður en heim kæmi eða innan tveggja mánaða frá heimkomudegi.
- d) Vegna tjóns sem rekja má til þess að tryggður ferðast í trássi við ráðgjöf starfandi læknis, eða í þeim tilgangi að leita lækni meðferðar erlendis.
- e) Vegna tjóns sem beint eða óbeint leiðir af þátttöku í akstursíþróttum eða notkun vélhjóla, hvort sem tryggður er ökumaður eða farþegi. Takmörkunin varðandi vélhjól á þó ekki við ef um er að ræða notkun léttis bifhjóls, sem tekið er á leigu í ferðalagi er fellur undir tryggingu þessa.
- f) Vegna slyss sem verður í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers kyns íþróttum nema um sé að ræða börn yngri en 18 ára.
- g) Vegna tjóns sem beint eða óbeint leiðir af flugi, öðru en farþegaflugi gegn gjaldi, hjá skráðu flugfélagi með tilskilin leyfi.
- h) Vegna tjóns sem beint eða óbeint leiðir af sjálfsvígi, meiðslum sem menn valda sjálfum sér, handalögmálum, þátttöku í refsiverðum verknaði, misnotkun lyfja, neyslu fíkniefna, áfengis eða kynsjúkdómum.
- i) Vegna tjóns sem beint eða óbeint leiðir af hvers konar fjallaklifri, bjargsigi, fallhlífarstökki, loftbelgjaflugi, teygjustökki, svifdrekaflugi, sviffugi, kajakferðum, siglingum á bátum sem róið er niður straumharðar ár og fljót, froskköfun eða öðrum athöfnum neðansjárvar eða neðanjarðar, kappreiðum og/eða athöfnum sem eru sambærilegar og eðlisskyldar öllu framan töldu.
- j) Vegna tjóns eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

Athugaðu að sjúkrahúsdagpeningar eru ekki innifaldir í öllum kortum. Þú getur séð hvað er innifalið í þínu korti í töflum í 4. gr.

12. Farangur og innkaup

- 12.1 Tryggingin bætir tjón á persónulegum lausafjarmunum sem tryggður hefur með sér á ferðalagi eða kaupir á ferðalagi frá dvalarlandi og greiðir að fullu með kortinu vegna:
- a) Bruna.
- b) Þjófnaðar.
- c) Innbrots.
- d) Ráns.
- e) Skemmdarverka.
- f) Flutningsslyss.
- 12.2 Skilyrði fyrir greiðslu bóta er að:
- a) Viðkomandi yfirvöldum hafi verið tilkynnt um þjófnað, rán, innbrot eða skemmdarverk og skýrslu skilað til VÍS.
- b) Tjón í flutningi hafi verið tilkynnt flutningsaðila þegar í stað og skýrslu skilað til VÍS.
- 12.3 Tryggingin bætir ekki:
- a) Skemmdir er hljóstast af mölflugum, meindýrum, ástandi andrúmslofts, veðráttu, eðlilegu sliti eða skemmdir sem ekki rýra notagildi hins tryggða hlutar.
- b) Skemmdir á farangri vegna vökva, matvæla og annarra smitandi efna, sem höfð eru í farangri, nema almenningsfarartæki hlekkist á.
- c) Tjón vegna skemmda á íþróttatækjum í notkun.

Gættu þess að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að sanna að tjónsatburður hafi átt sér stað.



- d) Tjón er leiðir af eignaupptöku eða haldi á munum af hálfu tollgæslu eða annarra valdhafa.
- e) Tjón á frímerkjum, handritum, skjölum, peningum eða hvers kyns verðbréfum.
- f) Tjón vegna skemmda á töskum í vörslu flugfélags eða annars flutningsaðila.
- g) Tjón vegna þjófnaðar á eða úr töskum í vörslu flugfélags eða annars flutningsaðila.
- h) Tjón á hlutum sem stolið er eða sem hverfa úr læstum hífylum, geymslum, bifreiðum eða bátum, án þess að um sannanlegt innbrot hafi verið að ræða.
- i) Tjón á viðlegubúnaði í notkun vegna skemmda eða þjófnaðar, svo og tjón á farangri í tjöldum.
- j) Tjón er verður vegna þjófnaðar eða innbrots sem tryggður hefur ekki tilkynnt lögreglu innan sólarhrings frá því að það varð eða skýrt var frá því.
- k) Tjón vegna bruna, nema kviknað hafi í farartæki eða húsnæði.
- l) Tjón á brothættum hlutum, svo sem sjónvörpum, hljómflytningstækjum, upptökuvélum, myndavélum, gleraugum, postulíni og glervöru, í vörslu flutningsaðila.
- m) Tjón af völdum skemmdarverka tryggðs sjálfs, maka tryggðs og einstaklings sem tryggður býr með í föstu varanlegu sambandi.

13. Innkaupakaskó

- 13.1 Tryggingin bætir tjón á einkamunum sem greitt hefur verið fyrir með kortinu á ferðalagi. Með einkamunum er átt við persónulega lausafjármuni sem ætlaðir eru til einkanota.
- 13.2 Bætt eru tjón sem eiga rætur að rekja til skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks.
- 13.3 Tryggingin gildir í 30 daga frá kaupum á einkamun.
- 13.4 VÍS bætir ekki:
 - a) Tjón sem stafar af eðlilegu sliti, galla, rangri samsetningu eða innri bilunum, svo sem vélrænum bilunum.
 - b) Tjón af snöggum hita- og/eða rakabreytingum.
 - c) Samtímis bætur úr þessari grein og 12. gr. vegna eins og sama tjóns.
 - d) Tjón á fasteignum, innréttingum, bifreiðum, bátum, gæludýrum, plöntum eða matarvöru.
 - e) Tjón á peningum, verðbréfum, handritum, frumteikningum, mynt- og frímerkjasöfnum.
 - f) Tjón á munum sem ætlaðir eru til nota í atvinnustarfsemi, til endursölu, eða eingöngu til skreytingar eða blöndunar við aðra muni.

Athugaðu að innkaupakaskó er ekki innifalið í öllum kortum. Þú getur séð hvað er innifalið í þínu korti í töflum í 4. gr.

14. Varúðarreglur

- 14.1 Varúðarreglur þessar eiga við um 12. og 13. gr. skilmálans.
- 14.2 Tryggður skal loka gluggum, krækja þá aftur og læsa hífylum, bílum, bátum og öðrum stöðum þar sem tryggðir munir eru skildir eftir.
- 14.3 Tryggður skal ekki skilja við tryggða muni eftirlitslausa á almannafæri og gæta þess að taka þá með þegar staður er yfirgefinn.
- 14.4 Tryggður skal sjá til þess að tryggðir munir séu í viðeigandi og fullnægjandi umbúðum til að þola flutning.
- 14.5 Tryggður skal ávallt læsa ferðatöskum sínum þegar þær eru ekki í umsjá hans.
- 14.6 Tryggður skal geyma reiðhjól sín innandyra.

Varúðarreglur eru kröfur sem gerðar eru með það að markmiði að koma í veg fyrir tjón eða draga úr líkum á að tjón verði. Mikilvægt er að vita hverjar þær eru.

15. Ákvörðun bóta

- 15.1 Ákvæði þetta gildir um 12. og 13. gr. skilmálans.
- 15.2 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi á nýjum hlut, sambærilegum þeim sem skemmdist. VÍS er heimilt að afskrifa verðmæti hlutar vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti hlutarins. Afskriftir geta ekki orðið meiri en fram kemur í töflunni hér á eftir:

Tegund	Afskrifast á	Afskriftir	Hámarksafskriftir
Snjalltæki ásamt fylgihlutum*	6 mánaða fresti	25%	100%
Tölvubúnaður ásamt fylgihlutum**	12 mánaða fresti	20%	100%
Önnur raftæki ásamt fylgihlutum	12 mánaða fresti	20%	70%
Annað	12 mánaða fresti	10%	70%

*Snjalltæki ásamt fylgihlutum afskrifast að fullu eftir 2 ár.

**Tölvubúnaður ásamt fylgihlutum afskrifast að fullu eftir 5 ár.



16. Töf á farangri

- 16.1 VÍS greiðir bætur til kaupa á nauðsynjum ef tryggður fær farangur sinn ekki afhentan þegar á ákvörðunarstað er komið vegna tafar eða rangrar afgreiðslu.
- 16.2 Bætur eru greiddar fyrir hvern tryggðan 16 ára og eldri. Þó greiðast bætur til barna yngri en 16 ára ef þau ferðast án samfylgdar forráðamanna.
- 16.3 Bætur greiðast að loknum biðtíma sem tilgreindur er í töflum í 4. gr.
- 16.4 Bætur takmarkast við þrjá aðila vegna hvers tjónsatburðar.
- 16.5 Skilyrði fyrir greiðslu bóta er að tryggður skili til VÍS staðfestingu frá flutningsaðila þar sem tímalengd tafar kemur skýrt fram.
- 16.6 VÍS greiðir ekki bætur:
- Vegna tafa á farangri þegar tryggður er á heimleið.
 - Ef töfin stafar af því að tryggður hafi ákvarðað ferðatíma í tengiflugi þrengri en lágmörk viðkomandi flugfélags/flugvallar kveða á um og athugasemd er gerð við bókun ferðar.

17. Ferðatöf

- 17.1 VÍS greiðir bætur ef verkfallsaðgerðir, óhagstæð veðurskilyrði eða vélarbilun valda töfum á ferðum almenningsfarartækis og það leiðir til seinkunar á komutíma tryggðs til ákvörðunarstaðar.
- 17.2 Bætur eru greiddar fyrir hvern tryggðan 16 ára og eldri.
- 17.3 Bætur greiðast að loknum biðtíma sem tilgreindur er í töflum í 4. gr.
- 17.4 Bætur takmarkast við þrjá tryggða vegna hvers tjónsatburðar.
- 17.5 Töf reiknast frá komutíma farartækis samkvæmt ferðaáætlun.
- 17.6 Skilyrði fyrir greiðslu bóta er að tryggður skili til VÍS staðfestingu frá flutningsaðila þar sem orsök og tímalengd tafar koma skýrt fram.
- 17.7 Bætur skv. þessu ákvæði eru greiddar án þess að leggja þurfi fram reikninga fyrir útlögðum kostnaði.
- 17.8 Bætur eru ekki greiddar ef töf stafar af því að tryggður hafi ákvarðað ferðatíma í tengiflugi þrengri en lágmörk viðkomandi flugfélags/flugvallar kveða á um og athugasemd er gerð við bókun ferðar.

Athugaðu að ferðatöf er ekki innifalin í öllum kortum. Þú getur séð hvað er innifalið í þínu korti í töflum í 4. gr.

18. Tafir á leið að flugvelli

- 18.1 VÍS greiðir bætur ef tryggður missir af millilandaflugi vegna tafa á ferð á leið á flugvöll ef eitthvert eftirtalinnu atvika hefur leitt til tafarinnar:
- Almenningsamgöngur falla niður eða seinkun almenningsfarartækis verður svo mikil að tryggður missir af flugi.
 - Ökutæki það sem tryggður ferðast með verður óökufært vegna bilunar eða umferðaróhapps.
- 18.2 VÍS greiðir kostnað vegna:
- Annarra samgönguleiða að flugvelli sem tryggður getur nýtt sér.
 - Kostnað við að draga ökutæki á næsta viðgerðarverkstæði.
 - Kostnað við gistingu sem tryggður þarf að kaupa fram að brottför með öðru flugi.
 - Ferðakostnað sem tryggður verður fyrir til að komast til áfangastaðar með öðru flugi.
- 18.3 Bætur greiðast aðeins samkvæmt framlögðum reikningum vegna kostnaðar sem fellur undir grein 17.2.
- 18.4 Bætur takmarkast við þrjá tryggða vegna hvers tjónsatburðar.
- 18.5 Tryggingin bætir ekki:
- Tafir sem stafa af verkfallsaðgerðum sem hafnar voru eða höfðu verið tilkynntar áður en tryggður greiddi fargjaldið.
 - Tafir sem stafa af fyrirmælum yfirvalda um stöðvun eða breytingu á opinberum samgöngum.
 - Kostnað sem er meiri en nauðsynlegur getur talist með hliðsjón af almenningsamgöngum sem bjóðast.
 - Tjón sem hlýst af því að tryggður hefur ekki gefið sér nægan tíma til að komast á flugvöll og þess vegna misst af flugi.
- 18.6 Ekki er bætt tjón samkvæmt þessari grein ef tryggður kys að nýta bótarétt vegna ferðatafar sbr. gr. 16 hér að framan.

Athugaðu að bætur vegna tafa á leið að flugvelli eru ekki innifaldar í öllum kortum. Þú getur séð hvað er innifalið í þínu korti í töflum í 4. gr.

19. Tafir vegna yfirbókunar

- 19.1 VÍS greiðir bætur ef tryggður reynir að innrita sig í flug sem hann á pantað en er hafnað um sæti vegna yfirbókunar.

Athugaðu að bætur vegna tafa vegna yfirbókunar og vegna mannráns eru ekki innifaldar í öllum kortum. Þú getur séð hvað er innifalið í þínu korti í töflum í 4. gr.



20. Mannrán

20.1 VÍS greiðir dagpeninga verði tryggðum rænt á ferðalagi frá dvalarlandi og haldið í gíslingu.

21. Ábyrgðartrygging

21.1 Tryggingin bætir:

- Líkams- eða munatjón þriðja aðila sem leiðir af bótaskyldri háttsemi tryggðs.
- Kostnað og útgjöld þriðja aðila sem innheimta má hjá tryggðum annað hvort samkvæmt íslenskum lögum eða lögum þess lands þar sem slysið, tjónið eða skemmdirnar urðu.
- Málsvarnarlaun og annan kostnað og útgjöld tryggðs vegna tjóns sem VÍS hefur samþykkt að bæta.

21.2 Tryggingin bætir ekki tjón sem leiðir af eða tengist:

- Eignarhaldi, umráðum eða notkun vélknúinna farartækja.
- Ábyrgð vinnuveitanda, ábyrgð samkvæmt samningum eða ábyrgð gagnvart nánnum ættingja tryggðs.
- Ábyrgð á dýrum sem tilheyra tryggðum, eru í vörslu hans eða umsjá.
- Hvers kyns skemmdarverkum sem unnin eru af ásetningi.
- Ábyrgð sem skapast vegna verslunar, viðskipta eða starfs.
- Ábyrgð vegna eignarhalds á landi og byggingum.
- Notkun skotvopna, fallhlífarstökki, svifflugis, svífdrökflugis, loftbelgsflugis, skipulögðum íþróttum og atvinnu, sem talist getur lífshættuleg.
- Hlutum í eigu þriðja aðila sem skemmast eða týnast á meðan þeir eru í vörslu tryggðs.

21.3 Tryggðað ber að leita samráðs við VÍS um réttarstöðu sína ef hann er krafinn skaðabóta vegna tjóns sem hann er talinn eiga sök á.

21.4 Tryggði má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis VÍS. Viðurkenning tryggðs á skaðabótaskyldu skuldbindur aðeins hann sjálfan en ekki VÍS.

21.5 VÍS kemur fram fyrir hönd tryggðs og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð.

II. Bílaleigutrygging

A. Almenn ákvæði bílaleigutryggingar

22. Hvaða kort innifela bílaleigutryggingar?

22.1 Bílaleigutrygging er innifalin í eftirfarandi kortum:

- Platinum Icelandair
- Premium Icelandair
- Platinum
- Platinum viðskiptakort
- Business Icelandair

23. Hver er tryggður?

23.1 Korthafi er tryggður. Aðrir tryggðir eru ökumenn sem tengjast korthafa, þ.e. maki, sambýlismaki, börn, tengdabörn, foreldrar, tengdforeldrar, systkini, viðskiptavinur og samstarfsmaður.

23.2 Það er skilyrði að tryggðir séu skráðir sem ökumenn í bílaleigusamningi og skal sá sem fyrstur er tilgreindur vera korthafi.

24. Hvað er tryggt?

24.1 Tryggingin nær til leigu á einum bílaleigubíl í hverju einstöku tilviki.

24.2 Tryggingin nær eingöngu til bílaleigubíls sem er í eigu bílaleigufyrirtækis með tilskilin leyfi.

24.3 Tryggingin nær ekki til leigu:

- Sérstaklega hraðskreiðra ökutækja, þ.e.a.s. Aston Martin, Porsche, McLaren, Lamborghini og annarra slíkra ökutækja.
- Ökutækja sem eru meira en 20 ára gömul eða til ökutækja sem ekki hafa verið framleidd í 10 ár eða lengur.
- Vörubíla, dráttarvéla, hvers konar vinnuvéla, tengivagna og hjólhýsa, bifhjóla, reiðhjóla með hjálparvél, léttra bifhjóla, torfærubíla til aksturs utan vega, tómsundafarartækja, húsbíla, sendiferðabifreiða og ökutækja með fleiri en 9 sætum.

Tryggingin nær ekki til tjóns sem tryggður veldur sjálfum sér eða öðrum tryggðum. Með hugtakinu „þriðji aðili“ er hér átt við aðila sem er ekki tryggður undir þessari tryggingu.

Athugaðu að bílaleigutrygging fylgir ekki öllum kortum.



25. Hvar gildir tryggingin?

- 25.1 Tryggingin gildir hvar sem er í heiminum á ferðalagi frá dvalarlandi.
- 25.2 Tryggingin gildir þó ekki í Rússlandi, og fyrrum lýðveldum Sovétríkjanna að Eystrasaltslöndunum undanskildum og í Afríku að Suður Afríku undanskilinni. Þá gildir tryggingin aldrei í dvalarlandi korthafa.

26. Hvenær gildir tryggingin?

- 26.1 Tryggingin gildir á meðan kort korthafa er í gildi og samningur er um tryggingar á milli VÍS og Íslandsbanka.
- 26.2 Tryggingin gildir frá þeim tíma er tryggður öðlast lögmætan tímabundinn yfirráðarétt yfir bílaleigubíl og fellur úr gildi er bílaleigan tekur aftur við honum, hvort heldur á afgreiðslustað sínum eða annars staðar.
- 26.3 Tryggingin gildir að hámarki fyrir leigu í 31 dag eða skemur.

27. Tilkynning um tjón

- 27.1 Tilkynna skal til VÍS eins fljótt og því verður við komið öll tjón er varða bílaleigubílinn.
- 27.2 Tilkynning samkvæmt gr. 27.1 kemur til viðbótar öðrum skuldbindingum sem tryggði kann að hafa samkvæmt bílaleigusamningi eða tryggingum sem gilda um bílaleigubílinn.

28. Meðferð bótakrafna

- 28.1 Tryggði skal tilkynna VÍS um hvers kyns kröfur eða lögsókn sem honum berst vegna bílaleigubíls og afhenda öll skjöl og gögn þar að lútandi.
- 28.2 Tryggða ber að leita samráðs við VÍS um réttarstöðu sína ef hann er krafinn bóta vegna tjóns.
- 28.3 Tryggði má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis VÍS. Viðurkenning tryggða á bótaskyldu skuldbindur aðeins hann sjálfan en ekki VÍS.
- 28.4 VÍS kemur fram fyrir hönd tryggðs og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir.
- 28.5 Þegar tryggður hefur rétt á vernd úr annarri tryggingu, t.d. lögbundinni ábyrgðartryggingu bílaleigubílsins eða annarri viðlíka tryggingu, áskilur VÍS sér rétt að eiga aðild að málsvörn og stjórn hvers kyns kröfu eða lögsókn sem eðlilega má vænta að VÍS eigi hlut að samkvæmt ákvæðum þessa skilmála.

29. Framsal réttar

- 29.1 Tryggður má ekki án skriflegs samþykkis VÍS framselja eða veðsetja réttindi sín samkvæmt tryggingunni.

B. Kaskótrygging bílaleigubíls

30. Hvað bætir tryggingin?

- 30.1 Tryggingin bætir kröfur á hendur tryggðu vegna tjóns á bílaleigubíl og eðlilegum aukahlutum hans sem tryggður er ábyrgur fyrir samkvæmt bílaleigusamningi vegna:
- Árekstrar.
 - Áaksturs.
 - Útafaksturs.
 - Veltu.
 - Eldsvoða.
 - Sprengingar.
 - Eldingar.
 - Skemmdarverka.
 - Þjófnaðar.
- 30.2 Tryggingin bætir tjón sem ekki fæst greitt úr „loss damage waiver“ (LDW) eða öðrum sambærilegum kaskótryggingum sem korthafi hefur í gildi samkvæmt bílaleigusamningi ef tjónið fellur undi bótasvið gr. 30.1.
- 30.3 Ef keypt er trygging af bílaleigunni greiðir VÍS mismun á eigin áhættu í þeirri tryggingu og þessari tryggingu, ef hún er lægri.

31. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 31.1 Tryggingin bætir ekki tjón á bílaleigubíl þegar:
- Bílaleigubíll hefur ekki verið leigður af korthafa.
 - Tryggður hefur ekki öðlast réttindi til að aka ökutæki því sem um ræðir eða hefur misst réttindi til að aka því.
 - Tjón verður í kappakstri, aksturskeppni, reynsluakstri eða við æfingar fyrir slíkan akstur.



- d) Tjón verður í akstri þar sem bannað er að aka ökutækinu, aksturs annars staðar en á vegum landsins, svo sem á túnum, engjum, á snjósköflum, á ís, yfir óbrúaðar ár eða læki, um fjörur, forvöð, vegtroðninga og/eða aðrar vegleysur. Þó bætast skemmdir er verða þegar ökumaður hefur neyðst til að fara út af akbraut, t.d. vegna viðgerðar á vegi.
- e) Tjón verður vegna notkunar ökutækis sem brýtur í bága við skilmála bílaleigusamnings og ákvæði þessa skilmála.
- f) Skemmdir á ökutækinu verða vegna verksmiðjugalla, framleiðslugalla, efnisgalla, hönnunargalla, smíðisgalla, viðgerðargalla eða bilunar ökutækisins. Þó bætast skemmdir sem hljóttast af þessum orsökum á öðrum hlutum ökutækisins ef um áakstur, árekstur, veltu eða útafakstur er að ræða.
- g) Tjón verður vegna stríðs (hvort sem stríð hefur verið lýst yfir eða ekki), borgarastyrjaldar, óeirða, uppþota, upptöku eignar eða þjófninga, valdboðskrófu, eyðileggingar eða skemmda á bílaleigubílum af hálfu eða að skipum hvaða ríkisstjórnar eða yfirvalda sem eru á landsvísu eða í héraði, verkfallsaðgerðum eða annarra sambærilegra atburða.
- h) Tjón verður vegna skordýra og meindýra.
- i) Tjón vegna hvers kyns sviksamlegs, óheiðarlegs eða saknæms verknaðar sem framinn er af tryggðum eða sem hann er viðriðinn.
- j) Tjón hlýst af akstri aðila sem ekki eru nafngreindir í bílaleigusamningi og uppfylla ekki önnur skilyrði sem tryggðir.

32. Varúðarreglur

- 32.1 Tryggðum ber að gæta þess að hafa gild ökuréttindi við akstur bílaleigubílsins.
- 32.2 Tryggður skal vera í andlegu og líkamlegu ástandi til þess að geta stjórnað ökutækinu örugglega og skal ekki vera undir áhrifum áfengis, ávana- eða fíkniefna né annarra örvandi eða deyfandi efna við notkun ökutækisins.
- 32.3 Ökutæki skal vera læst þegar enginn er í því og geyma skal lykla á öruggum stað.

33. Tryggingarfjárhæð og eigin áhætta

- 33.1 Fjárhæð bóta er að hámarki 50.000 USD.
- 33.2 Eigin áhætta tryggðs er 25.000 kr.

C. Viðbótarábyrgðartrygging bílaleigubíls

34. Hvað bætir tryggingin?

- 34.1 Tryggingin er viðbót við ábyrgðartryggingu² bílaleigubílsins. Tryggingin bætir sérhverja skaðabótakröfu sem tryggðir kunna að verða ábyrgir fyrir gagnvart þriðja aðila, sem ökumenn bílaleigubílsins á leigutímanum, að öðrum skilyrðum skilmálans uppfylltum.
- 34.2 Tryggingin tekur til sömu tryggingarverndar og þær ábyrgðartryggingar sem eru innifaldar í bílaleigusamningnum.
- 34.3 Skilyrði þess að bætur séu greiddar úr þessari tryggingu eru:
 - a) Að ábyrgðartrygging sé í gildi fyrir ökutækið samkvæmt bílaleigusamningi.
 - b) Að tryggjendur ábyrgðartryggingar samkvæmt bílaleigusamningi hafi viðurkennt bótaskyldu eða hafi verið taldir skuldbundnir til að greiða skaðabótakröfu sem fram er komin.
- 34.4 Að bótaréttur samkvæmt ábyrgðartryggingum sem eru innifaldar í bílaleigusamningi hafi að fullu verið nýttur.

35. Tryggingarfjárhæð

- 35.1 VÍS greiðir að hámarki 1.000.000 USD í umframskaðabætur á tryggingartímabilinu hvort sem að einn eða fleiri tryggðu eiga í hlut.
- 35.2 Öll útgjöld VÍS vegna rannsóknar og málsvarnar í kröfumálum sem trygging þessi tekur til, þ.m.t. réttarkostnaður, tryggingar settar vegna áfrýjunar, vextir áður og eftir að dómur er kveðinn upp, skulu ekki falla undir bótamörk tryggingarinnar.

² Þegar talað er um ábyrgðartryggingu í skilmála þessum er jafnframt átt við lögbundna sjóði í einstaka löndum sem ná til ábyrgðartjóna af völdum bílaleigubílsins.



III. Almenn ákvæði

36. Kostnaður við gagnaöflun

36.1 Tryggðum ber að leggja fram á eigin kostnað öll þau gögn sem VÍS kann að krefjast til að meta ábyrgð sína og greiða út bætur.

37. Háttsemi annarra

37.1 Við ákvörðun bótaábyrgðar er VÍS heimilt að bera fyrir sig háttsemi maka hins tryggða og aðila sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi.³

38. Sérstakar takmarkanir

38.1 VÍS bætir ekki tjón sökum eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða, vatnsflóða og annarra náttúruhamfara.

39. Skilgreiningar

39.1 Í skilmála þessum eru eftirfarandi hugtök skilgreind þannig:

- a) „Bílaleigusamningur“ merkir samning sem tryggður gerir um leigu á bílaleigubíl til dags eða vikna hjá bílaleigufyrirtæki með tilskilin leyfi hlutaðeigandi yfirvalda.
- b) „Dvalarkostnaður“ merkir gistingu, ferðakostnað, og annan nauðsynlegan kostnað samkvæmt mati VÍS. Fæðiskostnaður telst ekki til dvalarkostnaðar.
- c) „Dvalarland“ merkir land þar sem tryggður hefur: a) skráð lögheimili, b) búsetu vegna náms eða starfs eða c) búið samfellt í a.m.k. 180 daga.
- d) „Ferðakostnaður“ merkir fargjald og gistikostnað.
- e) „Flutningsslys á munum“ merkir atvik þegar almenningsfarartæki hlekkist á og það veldur tjóni á tryggðum munum. Enn fremur merkir það tjón á munum í vörslu flutningsaðila.
- f) „Kort“ merkir kreditkort með innifalda ferðatryggingu útgefið af Íslandsbanka.
- g) „Korthafi“ merkir þann sem er handhafi kreditkorts með innifalda ferðatryggingu útgefnu af Íslandsbanka.
- h) „Létt bifhjól“ merkir bifhjól með þá vélarstærð að ekki er krafist ökuskráteis til notkunar þess.
- i) „Maki“ merkir einstakling sem er: a) giftur tryggða eða í staðfestri samvist með tryggða, b) í skráðri sambúð með tryggða, c) hefur sameiginlegt lögheimili með tryggða og sambúðin hefur sannanlega varað í a.m.k. ár eða aðilar eiga barn saman.
- j) „Náinn samstarfsmaður“ merkir þann sem tryggður er staðgengill fyrir eða meðeiganda í atvinnurekstri.
- k) „Náinn ættingi“ merkir einstakling sem tengist tryggða eða maka hans nánnum ættarböndum eða er hluti af nánustu fjölskyldu, s.s. maki, barn, stjúpbarn, fósturbarn, foreldri, stjúpforeldri, tengdforeldri, tengdabarn, afi eða amma, barnabarn, systkini, maki systkinis, systkini maka, afi eða amma maka.
- l) „Slys“ merkir skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans.
- m) „Tryggður“ merkir þann sem kröfu á um greiðslu bóta, ef til hennar kemur.

Það sem fram kemur á hægri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavini en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.

³ Sbr. 29. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.